

Nr. 021 / 15 Baldvin Njálsson GK 400***Skipverji slasast vegna bruna***

Skipaskr.nr. 2182 IMO nr. 8714528
Smíðaður: Vigo Spáni 1990 stál
Stærð: 736,4 brl. 1199,8 bt.
Mesta lengd: 51,45 m Skráð lengd: 45,84 m
Breidd: 11,9 m Dýpt: 7,23 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 26



Baldvin Njálsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..

Atvikalýsing:

Þann 26. febrúar 2015 var Baldvin Njálsson GK 400 á reki í vari austan við Hópsnes. Veður: N 20 m/sek.

Skipverji var í vélarúmi að huga að rafmótor fyrir frystipressu sem hafði bilað. Við þetta varð skammhlaup í mótornum með tilheyrandi eldblossa og reyk með þeim afleiðingum að blossinn lenti á skipverjanum. Brunaviðvörðunarkerfið fór í gang en slasaði komst upp af sjálfsdáðum þar sem aðrir skipverjar tóku við honum til aðhlyningar. Hann var sóttsvartur og talsvert brunninn.

Skipstjóri setti þegar á fulla ferð til Grindavíkur hringdi í höfnina og bað um aðstoð en hann hafði einnig samband við strandstöð sem kallaði út þyrllu. Þegar skipið var komið vestur fyrir Hópsnes og langleiðina inn að innsiglingu kom hafnsögubátur á móti skipinu og flutti slasaða til hafnar þar sem þyrlla LHG tók við honum og kom á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að rafmótorinn hafði bilað nokkrum dögum áður en slysið varð;
- að stjórnu/þríhyrningsrofar fyrir ræsibúnað rafmótorsins voru brunnir saman, slökkt var á honum í stjórnborði en ekki útslegin í aðal rafmagnstöflu þannig að straumur var á mótornum;



Rafmótórinn og tengiboxið sem lokið hafði verið losað af

- að samkvæmt sérfræðilíti var talið að þegar lokið var tekið af mótornum hefði það rekist í tengibrettið sem orsakaði skammhlaup. Brunasárin á skipverjanum hafa komið af ljósboganum sem myndaðist við það;



Vinnuvettlingar slasaða voru með nylonefni á handarbaki

- að slasaði var með vinnuvetlinga á höndum en handarbök þeirra voru úr næloni sem bráðnaði inn í húð slasaða.

Nefndarálit:

Orsök slyssins eru mistök slasaða að rjúfa ekki höfuðrofa að rafmótornum áður en hann opnaði tengiboxið.

Nefndin vekur athygli á að vinnuvetlingar úr nælon efni geta verið varasamir við aðstæður sem þessar.